

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 30 í stjórn Herjólfs ohf., haldinn miðvikudaginn 13. nóvember 2019 kl. 17:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Birna Vídó Þórsdóttir og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Aníta Jóhannsdóttir boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra –fjárhagsáætlun 2020.

Framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Breytingar voru gerðar í samræmi við umræðu á fundinum. Framkvæmdastjóra er þökkuð góð yfirferð.

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða.

2. Starfsmannastefna.

Búið er að senda drög að starfsmannastefnu á yfirmenn um borð. Engar athugasemdir eða tillögur um breytingar hafa borist frá þeim. Drögin verða kynnt öðru starfsfólki á starfsmannafundum í nóvember.

3. Starfsreglur stjórnar.

Leiðrétt/breytt drög að starfsreglum stjórnar voru lagðar fram. Áætlað er að undirrita þær á næsta stjórnarfundum. Stjórnin þakkar Anítu og Arndísi báru góða undirbúningsvinnu.

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál.

Tillaga að siglingaáætlun um næstu jól og áramót .

Aðfangadagur:

Þorlákshöfn 07:00 – 10:45.

Landeyjahöfn fyrstu 3 ferðirnar.

Jóladagur:

Þorlákshöfn 9:30 – 13:15.

Landeyjahöfn 9:30 – 10:45 og um kvöldið 22:00 – 23:15.

Gamlársdagur:

Þorlákshöfn 07:00 – 10:45.

Landeyjahöfn fyrstu þrjár ferðirnar.

Nýársdagur:

Þorlákshöfn 09:30 - 13:15.

Landeyjahöfn 09:30 – 10:45 og um kvöldið 22:00 – 23:15.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður miðvikudaginn 4. desember 2019.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 19:00.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.